



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2023

SÁLF2HS05

Kennari	Auður Svansdóttir, audur.svansdottir@fss.is	
Viðtalstími	Þriðjudagur kl. 10:00-10:40 á kennarastofu.	
Námsefni	Inngangur að sálfræði eftir Kristján Guðmundsson og Lilju Ósk Úlfarsdóttur. JPV útgáfa, 2008 (fæst í öllum helstu bókabúðum landsins)	
Áfangalýsing	Þetta er grunnáfangi í sálfræði og ætlað að kynna nemendum fræðigreinina sálfræði, eðli hennar sögu og þróun. Helstu sálfræðistefnur eru kynntar og grunnhugtök. Þá er fjallað um starfssvið sálfræðinga og helstu undirgreinar. Nemendur kynnast rannsóknaraðferðum sálfræðinnar bæði bóklega og verklega. Fjallað er sérstaklega um námssálfræði bæði á fræðilegan og hagnýtan hátt og nemendur læra um mismunandi tegundir náms og minnisaðferðir. Fjallað er um samspil hugsunar, hegðunar og tilfinninga, sjálfsmynd, mannleg samskipti, þróun náinna sambanda og almennt um mannlegt eðli.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Í áfanganum eru fjögur hlutapróf og þarf nemandi að ná að minnsta kosti 4,5 í einkunn úr þremur af þeim til að fá aðra námsþætti metna. Taka þarf öll próf og skila þarf öllum skilaverkefnum til að ljúka áfanga.	
	Mikilvægt er að skila öllum verkefnum og á réttum tíma. Nemendur geta skilað verkefnum eftir auglýstan skiladag en lækka um 0,5 í einkunn fyrir hvern dag sem skilað er of seint. Kennari áskilur sér rétt til að taka ekki við skilaverkefnum fimm dögum eftir skiladag.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Hlutapróf x 4	40%
	Skilaverkefni x 4	30%
	Tímaverkefni	20%
	Mæting og virkni í tímum	10%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
---------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Mikil áhersla er á ástundun verkefna og að nemendur taki ábyrgð á námi sínu og þeirri vinnu sem fram fer innan sem utan kennslustunda. Það þýðir meðal annars að nemendur þurfa sjálfir að fylgjast með og passa uppá skila- og prófdagsetningar og ef þeir missa úr tíma er það á þeirra ábyrgð að falast eftir þeim upplýsingum/verkefnum sem fóru fram í þeim tíma. Í hópavinnu er ætlast til að allir hópmeðlimir séu virkir og leggi sitt af mörkum í verkefnið. Ef upp koma aðstæður þar sem ekki ríkir samstarf innan hópsins - eða að sumir hópmeðlimir eru ekki að sinna sinni vinnu- þá þarf að láta kennara vita. Kennari áskilur sér þann rétt að gefa einstaklingseinkunn fyrir hópverkefni ef rík ástæða þykir. Í sumum verkefnum og í ritgerðum er gerð krafa að nemendur noti og vísi í heimildir. Ritstuldur er engan veginn liðinn en verkefni þar sem nemendur fá lánaðan texta frá öðrum nemendum/netinu eða öðru útgefnu efni án þess að geta heimilda fá falleinkunn. Ef nemandi skilar einstaklingsverkefni sem er eins (eða nánast eins) og verkefni annars nemanda deilist einkunnin á þá nemendur. Mikilvægt er að nemendur skoði INNU reglulega en öll verkefni, upplýsingar um kennslufyrirkomulag og tilkynningar er hægt að nálgast þar.
---	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • þróun fræðigreinarinnar sálfræði • grundvallarhugmyndum sem móta kenningar í sálfræði • helstu frumkvöðlum í greininni • víðfeðmi sálfræðinnar og helstu undirgreinum hennar • hagnýtu gildi sálfræðinnar • leiðum sálfræðinnar til að útskýra hugsun, hegðun og tilfinningar manneskjunnar • mótunaröflum einstaklinga og hópa	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa í og skilja umfjöllun um helstu hugmyndir sem mótað hafa sálfræðina • beita algengustu hugtökum sálfræðinnar á skýran og skilmerkilegan máta • skoða sína eigin hegðun og annarra út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar • skoða eigin hugsun og tilfinningar út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar • tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • gera sér grein fyrir mótunaráhrifum umhverfis á sjálfan sig og aðra • gera sér grein fyrir samspili hegðunar, hugsunar og tilfinninga • geta með einföldum hætti yfirfært sálfræðilega þekkingu á eigin sjálfsmynd • tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnisþætti • afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér	

Virðing, samvinna og árangur

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	4 x 4 klst.	16 klst.
Skilaverkefni	4 x 4 klst.	16 klst.
Alls		112 klst. = 5 fein*

*Viðmið um fjölda eininga	
Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 fein	18 - 24 klst.
2 fein	36 - 48 klst.
3 fein	54 - 72 klst.
4 fein	72 - 96 klst.
5 fein	90 – 120 klst.

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 5. - 15. janúar	5. kafli – Hugræn sálfræði	
2. vika 16. - 22. janúar	5. kafli – Hugræn sálfræði	Skilaverkefni 1 – 7,5%
3. vika 23. - 29. janúar	5. kafli – Hugræn sálfræði	Hlutapróf 1 – 10%
4. vika 30. janúar - 5. febrúar	4. kafli – Námssálfræði	
5. vika 6. - 12. febrúar	4. kafli – Námssálfræði	
6. vika 13. - 19. febrúar	4. kafli – Námssálfræði	Skilaverkefni 2 – 7,5%
7. vika 20. - 26. febrúar	4. kafli – Námssálfræði	Hlutapróf 2 – 10%
8. vika 27. febrúar - 5. mars	1. kafli – Hvað er sálfræði?	
9. vika 6. - 12. mars <i>Miðannarmat</i>	2. kafli – Þróun greinarinnar	
10. vika 13. - 19. mars	2. kafli – Þróun greinarinnar 3. kafli – Ólíkar stefnur	Skilaverkefni 3 – 7,5%
11. vika 20. - 26. mars	3. kafli – Ólíkar stefnur	Hlutapróf 3 – 10%
12. vika 27. mars - 2. apríl <i>Starfshlaup - Páskafri</i>	6. kafli – Rannsóknir í sálfræði	
13. vika 11. - 16. apríl	6. kafli – Rannsóknir í sálfræði	
14. vika 17. - 23. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	7. kafli – Sjálfsmynd og samskipti	Skilaverkefni 4 – 7,5%
15. vika 24. - 30. apríl	7. kafli – Sjálfsmynd og samskipti	
16. vika 1. - 10. maí	7. kafli – Sjálfsmynd og samskipti Ýmis verkefnavinna og próf	Hlutapróf 4 – 10%

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf,

Auður Svansdóttir